

A 1731/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um virkan norrænan vinnumarkað**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi sem fyrst af stað vinnu að endurskoðun/uppfærslu samningsins frá 1982, sem tók gildi 1983, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ásamt bókunum honum tengdum;

að hún skoði alla aðra samninga og bókanir, svo þær standi ekki í vegi fyrir nútímalegu og skilvirku samstarfi.

Aðdragandi

Á undanförunum árum hefur starf Norðurlandaráðs einkennst af umbótastarfi til að auka skilvirkni og nútímavæða bæði skipulag og ákvarðanatöku. Nauðsyn bar til þessa verkefnis á margan hátt þar sem samstarfið hafði mikið til staðnað. Vonir standa til að þetta starf haldi áfram.

En, nýir starfshættir duga ekki til ef samningar ásamt bókunum stöðva norrænt samstarf og standa í vegi fyrir framkvæmd góðra áforma í Helsingforssamningnum. Þegar árið 1954 var gerður samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Sá samningur var síðan endurskoðaður og nýi samningurinn frá 1982 tók gildi 1983.

Ríkisstjórnir Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs, sem álíta það vera grundvallarréttindi borgara ríkjanna að geta óhindrað starfað og sest að í öðru norrænu ríki, vilja í samningnum frá 1982 bæði örva og takmarka frjálsta för. Samningurinn á að styðja við aðgerðir sérhvers landanna til þess að tryggja samfellda atvinnuþróun, en flutningur milli landanna á ekki að valda misvægi á vinnumarkaði. Í heild sinni á samningurinn að vera efnahagslegri og félagslegri þróun í löndunum til framdráttar.

Í bókun við samninginn kemur þó skýrt fram að atvinnurekendur, sem hyggjast leita eftir vinnuafli frá öðru norrænu ríki ættu að gera það fyrir milligöngu opinberrar vinnumiðlunar. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að atvinnurekendur standi að ráðningu vinnuafis á eigin vegum í öðru norrænu ríki. Í dag er þetta verulega hamlandi þar sem ráðningar fara í auknum mæli fram eftir öðrum leiðum og miðlum.



Samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað er á margan hátt ekki í samræmi við aðstæður í dag á vinnumarkaði og núverandi norrænt samstarf. Dæmið um vinnumiðlunina sýnir á skýran hátt að bæði samningurinn og bókunin krefjast skjótrar endurskoðunar.

Norrænt samstarf getur orðið enn mikilvægara, en það ræðst af þróun í Evrópu og þörf þess í sameiningu að þróa og tryggja góð lífsskilyrði fyrir íbúa Norðurlandanna. Þá verður að endurskoða og nútímavæða samninga og bókanir.

Saariselkä, 18. ágúst 2017

Anna-Maja Henriksson (sv)

Arto Pirttilahti (cent)

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Elsi Katainen (cent)

Eva Biaudet (sv)

Johanna Karimäki (gröna)

Katri Kulmuni (cent)

Krista Mikkonen (gröna)

Lars Tysklind (L)

Marcus Knuth (V)

Mikael Staffas (Lib)

Mikko Kärnä (cent)

Rasmus Ling (MP)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Sigurður Ingi Jóhannsson (F)

Staffan Danielsson (C)